



# PÉSI

ATH!! Næsti Pési kemur út í febr 2022 Efni þarf að berast í síðasta lagi **4. febr**



Frá Bókasafni Hrunamanna



Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 19-20

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 11-13



Nú er mikið af nýjum bókum á bókasafninu, verið velkomin að kíkja við eða hafa samband.

Inn á slóðunum [www.leitir.is](http://www.leitir.is) og [www.gegnir.is](http://www.gegnir.is), nánar tiltekið inná „*Minum síðum*“ geta lánþegar séð skiladag, framlengt lánum og fleira.

Alltaf er hægt að skila safngögnum í skilalúguna.

Sjáumst á bókasafninu ☺


Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  facebook.



## Sundlaugin á Flúðum.

### Vetraropnun:

Mánudaga til miðvikudaga: 16:00-20:30

Fimmtudaga: LOKAÐ

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



Jan 2022  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson  
Heimasíða: [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -  
[svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

32 árgangur.  
367 tölublað.  
[pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is).  
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

Þá er árið 2022 runnið upp og þegar maður lítur í baksýnispeglinn fyrir ári síðan þá bjóst maður ekki við að vera að glíma við Coviddrauginn enn og aftur. Staðreyndin er eflaust sú að við þurfum að bólusetja eins og enginn sé morgundagurinn og að einhverju leyti láta þetta yfir okkur ganga en sem betur fer er komin mikil þekking á faraldrinum og hvaða viðbrögð eru skynsamleg. Það er mesta furða hvað við höfum lítið þurft að stoppa stofnanir sveitarfélagsins en það er nokkuð ljóst að ef upp koma smit að einhverju marki þá þarf eflaust að slá í lás tímabundið.

Það hafa verið teknar stórar ákvarðanir á vettvangi sveitarstjórnar síðustu vikunnar, bæði með kaupum á landi Byggða á Bríkum og einnig sölu á eignarhluta sveitarfélagsins í Hverhólmanum. Nú er verið að vinna að skipulagsspælingum varðandi land Byggða á Bríkum því við viljum geta boðið þar upp á fjölbreyttara íbúðarform með að vera með blandaða byggð einbýlis-, par- og raðhúsa því það væri kostur að koma þessu svæði í uppbyggingarfasa sem fyrst.

Varðandi sölu á Hverhólmanum þá verður að hrósa Bjössa og hans fólki í Gömlu lauginni fyrir að hafa byggt upp frábært fyrirtæki sem vonandi verður burðarás í ferðaþjónstu í sveitarfélaginu sem getur þróast áfram og skilað miklu til samfélagsins á hinum ýmsu sviðum.

Það eru líka fleiri breytingar í gangi í ferðaþjónustunni. Nýir eigendur hafa hafið rekstur á Grund og þá eru félagar tengdum Golfklúbbi Flúða að leggja grunn að kaupum á golfvællinum á Seli og tengdum rekstri. Það verður að hrósa Golfklúbbi Flúða fyrir mikið og gott starf í gegnum árin en það verður seint ofmetið hvað völlurinn hefur mikið gildi í samfélaginu.

Þá eru ýmis verkefni að komast af stað sem tengjast stefnumótun. Verið er að vinna að forvinnu við hvort verði tekin ákvörðun um innleiðingu á Heimsmarkmiðunum en samhliða tengist því vinna við innleiðingu á barnvænu sveitafélagi. Þá er verið að vinna að gerð loftslagsstefnu og einnig að sveitarfélagið verði þátttakandi í húsnæðissjálfsseignarstofnun sem gæti komið að gerð félagslegs húsnæðis varðandi málefni fatlaðra. Þá hefur verið ýtt úr vör beiðni um hjúkrunarheimili í Uppsveitunum og það verkefni ásamt fleirum eru einmitt samvinnuverkefni með flestum sveitarfélögum í Uppsveitum.

Ég vona að samfélögin hér í Uppsveitum beri gæfa til að fara að vinna að sameiningu þessara sveitarfélaga því ég held að fólk geri ekki sér almennt grein fyrir þeim kröfum sem stjórnarsýsla sveitarfélaganna þarf að standa undir og fer ört vaxandi og verður að mínu mati ekki leyst nema með stækkun stjórnarsýslueininga.

Það verður síðan krefjandi verkefni að vinna að þeim verkefnum sem sveitarstjórn hefur samþykkt að fara í skv. fjárhagsáætlun og standast áætlanir því eins og oft hefur komið fram eru krefjandi tímar sérstaklega varðandi launapróun og væntanlega kjarasamninga. Það er vel að reynt sé að borga mannsæmandi laun en auðvitað þarf allt að ganga upp á móti tekjumegin.

Síðan er það alltaf skemmtilegt að koma af stað þeim verkefnum sem samþykkt hafa verið eða klára þau sem eru í gangi en staðan er einmitt sú að mikið af þeim verkefnum sem farið var af stað með á árinu 2021 á að ljúka á árinu 2022. Það er mín skoðun að ef það er hægt að koma því við að það sé oft sniðugt að hafa verktíma nokkuð langan til að geta fengið betri verð og að samfella verði í þeim verkum þar sem hægt er að sjá fram í tímann.

Það hefur verið tekin sú ákvörðun að stytting vinnutíma í leikskóla verði áfram með þeim hætti að leikskólinn hætti kl. 15:00 á föstudögum. Þetta fyrirkomuleg hefur reynst nokkuð vel á krefjandi tímum í rekstri og starfsmannamálum leikskólans og þó að þetta sé vissulega þjónustuskerðing kæmi það mér ekki á óvart þó fleiri hugsi í átt að þeirri útfærslu sem við förum út í.

Þó ekki tækist að halda áramótabrennu vegna veðurskilyrða þá gat Björgunarfélagið Eyvindur haldið upp á lok jóla með smá brennu þetta árið ásamt glæsilegri flugeldasýning á gerfiprettandanum. Því góða félagi verður seint fullþakkað fyrir óeigingjarnt starf í þágu samfélagsins og hvet ég fólk og fyrirtæki eftir efni og aðstæðum að styðja starfsemi þeirra.

Að lokum hvet ég íbúa, gesti og gangandi til að kaupa sér árskort í sund, tækjasal og íþróttasal á lækkuðu verði og nýta sér þessa þjónustu sveitarfélagsins til hins ítrasta, sér til heilsubótar andlega sem líkamlega. Ég vil óska öllum gleðilegs og gæfuríks nýs árs og þakka fyrir góð samskipti á því liðna.

Jón G. Valgeirsson  
Sveitarstjóri

## Oddvitapistill 2021.

Kæru Hrunamenn og aðrir lesendur.

Nú er árið 2022 gengið í garð og tökum við fagnandi á móti því um leið og við kveðjum árið 2021.

Covid hafði töluverð áhrif á starfsemi sveitarfélagsins og störf stofnana okkar á liðnu ári þrátt fyrir að við höfum þó sloppið nokkuð vel, a.m.k. hingað til. Það hefur sýnt sig að stjórnendur stofnana eru orðnir þrautþjálfaðir í covidskipulagi og verð ég að fá að hrósa þeim sérstaklega fyrir frábæra vinnu í þessum áskorunum. Auðvitað er það svo að þær breyttu aðstæður sem við höfum fengið í hendurnar með alheimsfaraldri hafa tekið á og kannski meira en við gerum okkur alveg grein fyrir í dag. Við sjáum vonandi fram á það með hækkingu sól að veiran fari að láta undan og lífið komist í “eðlilegri” skorður.

Í lok árs var gengið frá kaupum á landi Byggðar á Bríkum sem er milli tjaldsvæðis og Svanabyggðar. Í kaupunum fylgdi skipulag svæðisins og er byrjuð vinna við að uppfæra það skipulag svo að sem fyrst verði hægt að fara að huga að því að koma landinu í byggð. Hlutur sveitarfélagsins í Hverahólma var seldur nú á síðustu dögum ársins, það eru eigendur Gömlu Laugarinnar sem keyptu svæðið.

Nú í desember var send inn umsókn til heibrigðisráðuneytisins með ósk um að byggt yrði upp hjúkrunarheimili hér í uppsveitunum. Við stefnum á fund með ráðuneytinu nú á fyrstu vikum ársins til að koma málinu frekar áfram.

Miklar framkvæmdir voru hjá okkur á síðasta ári og sjást þær mest í “miðbænum” á Flúðum þar sem hringtorg var sett niður. Frágangur í kringum það er á lokametrunum. Í tengslum við hringtorgsframkvæmdir var einnig farið í framkvæmdir í kringum félagsheimilið og er stefnt á að klára þær nú í vor. Uppbygging í Gröf hefst vonandi á næstu mánuðum en framkvæmdaðilar sem fengu lódir þar eru að vinna í hönnun húsa og að fá byggingarleyfi.

Við fengum heilmiklar bætur á vegsamgöngum hjá okkur. Klárað var að færa og leggja á Skeiða-og Hrunamannaveg í kringum Gýgjarhólskot, sá vegur hefur mikið að segja með tengingar inní sveitina. Hrunavegur var byggður upp og lagt á hann klæðning. Samkomulag náðist um að klára að klæða á veginn alveg upp að Hrunakirkju/safnaðarheimili og er stefnan að klára það í sumar. Einnig voru gerðar lagfæringar á Langholtsvegi og við því að verða ansi vel sett hér í sveit.

Nú er byrjað á nýrri brú yfir Stóru Laxá og verður það mikil samgöngubót fyrir okkur og mun bæta öryggi vegfarenda til mikilla muna.

Hrunaljós er í fullum rekstri og hefur það gengið vel -mýsnar hafa þó verið að trufla tengingar og greinilegt að þeim finnst bragðið nokkuð gott af ljósleiðaranum. Ég hvet alla þá sem ekki hafa enn tengst Hrunaljósi að gera það og styrkja rekstur okkar kerfis. Verkefni heilsueflandi samfélags eru í fullum gangi. Starf verkefnisstjóra breyttist aðeins á árinu þar sem eitt sveitarfélag tók sig út úr samstarfinu og í staðinn jukum við og Bláskógabyggð við starfshlutfallið hjá okkur og bættum inn í það fleiri verkefnum tengdum íþrótt- og tómstundastarfi. Fleiri sameiginleg verkefni eru að taka breytingum, en Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur tekið sig út úr samstarfi um ferðamálafulltrúa Uppsveitanna. Í ljósi þess ákváðu hin sveitarfélögin að fara að vinna að breytingu á embættinu og verður unnið í því á næstu misserum. Stefnt er að því að efla það embætti og bæta inn fleiri atvinnugreinum en ferðaþjónustu.

Verkefnið barnvænt sveitarfélag er í fullum gangi og er vinnuhópur verkefnisins að vinna í innleiðingarferlinu.

Í lok árs var fjárhagsáætlun fyrir 2022 samþykkt. Áætlunin gerir ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu hjá A og B hluta upp á tæpar 40 milljónir- Nettófjárfestingar ársins verða um 213 milljónir og skiptist það þannig: 42,5 millj. í eignasjóði, 35,3 millj. í fráveitu, 70 millj. í vatnsveitu, 63 millj. í hitaveitu og 2 millj. í Hrunaljósi.

Starf skólanna okkar hefur verið umfangsmikið og mikið mætt á starfsmönnum sem taka þurfa tillit til allra þátta skólastarfsins með þeim reglum sem sóttvarnaryfirvöld bjóða upp á hverju sinni. Í ágústbyrjun leit ekki vel út með mönnun í leikskólanum en það rættist heldur betur úr því og í leikskólanum starfar frábært starfsfólk sem menntar okkar yngstu íbúa. Okkar öflugra íþrótt-, æskulýðs- og menningarstarf hefur starfað vel á árinu og boðið okkur uppá fjölbreytt starf. Mörg mál hafa komið inn á borð hjá okkur á liðnu ári og hvet ég alla til að lesa fundargerðir sveitarstjórnar, sem hægt er að nálgast á heimasíðunni okkar, til að fylgjast með því sem er að gerast á borði sveitarstjórnar því erfitt er að koma því öllu fyrir í einum pistli.

Að lokum vil ég óska þeim, Mörtu og Þór á Kópsvatni 1 sem fengu umhverfisverðlaun Hrunamannahrepps, Skógræktarfélagi Hrunamannahrepps sem fékk umhverfishrós Hrunamannahrepps, Þórdísi Jónu Kristjánsdóttur sem var kosinn íþróttamaður Hrunamannahrepps, og öllum þeim sem með atorku sinni og dugnaði náðu langt, innilega til hamingju með viðurkenningarnar.



Einnig vil ég enda á því að þakka :

- Öllu starfsfólkinu okkar fyrir vel unnin störf það er ómetanlegt að hafa eins gott starfsfólk og við höfum á að skipa á öllum sviðum sveitarfélagsins.

-Öllum þeim sem leggja sitt af mörkum til að gera samfélagið okkar eins gott og það er.

- Öllu nefndarfólkinu okkar sem situr í nefndum sveitarfélagsins fyrir þeirra störf.

-Sveitarfélögunum hér á svæðinu fyrir gott samstarf á árinu.

-og sveitarstjórn fyrir gott starf á árinu og góða samvinnu.

Nú fara í hönd síðustu mánuðir þessa kjörtímabils og ég hef tekið ákvörðun um að bjóða mig ekki fram til setu í sveitarstjórn eftir kosningar og svo er eins með þá sem sitja með mér í

meirihluta. Það er því ljóst að miklar breytingar verða á sveitarstjórn í komandi kosningum. Hvet ég alla áhugasama að bjóða fram krafta sína til starfa, hvort sem er í sveitarstjórn eða í nefndir sveitarfélagsins á komandi kjörtímabili.

Ég óska ykkur öllum gleðilegs árs og vona að nýja árið verði okkur öllum bjart og fagurt.

Halldóra Hjörleifsdóttir oddviti Hrunamannahrepps.

### ***Skrifstofa Hrunamannahrepps.***

#### ***Opnunartími .***

***Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00,***

***Föstudaga: 09:00-12:00***

**Sími: 480-6600**



Hrunamannahreppur



## Flokkunarhornið.

**Gler og steinefni; t.d. speglar, flísar, glerkruggur, múrsteinar, postulín og keramikmunir. Gler og steinefnum er skilað á gámasvæðið.**



## RORUM

Rannsóknir og ráðgjöf  
í umhverfis-  
og byggðarmálum



- Hnitsetning landamerkjja
- Afmörkun nýrra lóða
- Mæliblöð, uppdrættir og lóðablöð
- Túnakortlagning og aðrar greiningar

Rorum.is – 577-3337/837-6177 – ah@rorum.is

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

## Heilsugæslustöðin Laugarási.

**Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá 8-15  
alla virka daga.**

**Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.**

**Blóðprufur eru teknar mánudaga til fimmtudaga. Athugið  
að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf  
að liggja fyrir .**

**Lyfjaendurnýjun er á [heilsuvera.is](http://heilsuvera.is)**

# Baggamunur

Bókhalds- og skattþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

[www.baggamunur.is](http://www.baggamunur.is)

[s@baggamunur.is](mailto:s@baggamunur.is)

866-9035

### **Opnunartími á Gámasvæðinu á Flúðum!!**

Opnunartíminn verður frá kl. 13:00-18:00, mánudaga, miðvikudaga,  
föstudaga og laugardaga. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið  
aðgengilegt á fæti og auk þess verður í neyðartilvikum hægt að hafa sam-  
band við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu.

Sími hjá umsjónarmanni gámasvæðis: 835 1355



# KRANAÞJÓNUSTA

**B. R. SVERRISSON EHF.**

Sími 864 2499 (Bjarni)  
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter  
2 t spil • Bíll með drifi á framöxl

## Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna  
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

**Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.**



Hafðu samband  
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík  
Sími 533-2211 - [www.nesfrakt.is](http://www.nesfrakt.is)  
Beint samband í flutningabíl 773-1626

# Nesfrakt

# Íþróttahús: vetur 2021-2022



Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur	
SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2	SALUR 1	SALUR 2
								12:30-13:30	Íþróttaskóli 1&2.b
14:00-15:00	14:10-15:10						14:00-15:00	13:30-15:00	7.-10. fl.
Eldri borg	Mb. 3-6.b						Tími eldri borgara		
		15:00-16:00		15:00-16:00		15:10-16:10			
		7.-8. flokkur		Íþróttaskóli 1. & 2. b		Minnibolti 3.-6. b.			
16:10-17:10	16:10-17:10		16:10-17:30	16:10-17:30		16:10-17:20		16:00-17:30	
Frjálssar: 1-5	Fjölsktími		Mb. 3-6.b	Frjálssar 6.-10. b.		7.-8. flokkur		Fjölskyldutími	
17:10-18:30		17:30-19:00		17:30-19:00		17:20-18:30		17:30-19:00	
Frjálssar 6.-10. b.		9.-10. flokkur		7.-10. flokkur		9.-10. flokkur		M.fl KK	
19:00-20:30		19:00-20:30	19:00-20:30	19:00-20:30		18:30-20:00	18:30-20:00		
M.fl KK		Blak KVK	Blak KK	M.fl KK		M.fl KK	Blak KVK		
20:30-21:30	20:30-21:30	20:30-22:00		20:30-21:30	20:30-22:00	20:00-21:30	20:00-21:30		
Öldb Karfa		Drengjafi & meistara		Karfa konur	Öldb Karfa	Blak KK	Öldb. fótbolt		

## Tækjasalur: opið um helgar ef það er leikur í íþróttahúsi, fylgist með á

Vetur 2021-2022

félsbókarhöpi íþróttahúsins: "Íþróttahúsið Flúðum"



Kl.	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
					13:00 Salur opnar
					Frjálssar
					14:00
					15:00
16:00	Salur opnar	Salur opnar	Salur opnar	Salur opnar	
17:00			9.-10. fl.		
18:00					Lokar 18:00
19:00			M.fl KK		
20:00					
21:00					
	Lokar 21:30	Lokar 21:30	Lokar 21:30	Lokar 21:30	

# 80

## STAÐIR

UM LAND ALLT



# EIMSKIP

Flytjandi



## PARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

**EIMSKIP**  
Flytjandi

Háhelví 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

## Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.




Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi  
í síma 4-800-900 eða á [slokkvitaeki@babubabu.is](mailto:slokkvitaeki@babubabu.is)



## REKSTRARVÖRUR TIL HEIMILIS

Olíuvörur og allt fyrir dýrin....stór og smá!



**LANDSTÓLPI**

📍 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi  
☎ 480 5600

📍 Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum  
☎ 480 5610

🌐 [www.landstolpi.is](http://www.landstolpi.is)  
✉ [landstolpi@landstolpi.is](mailto:landstolpi@landstolpi.is)



Öll almenn smíðavinna,  
nýsmíði, viðhald og viðgerðir  
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499

## Bílaverkstæði



Opið frá kl: 08:00-17:00

## Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir


Trjáplöntusala



---

Erla Björg Arnardóttir  
Garðyrkjufræðingur  
Sími: 858-3399  
[graennaland@simnet.is](mailto:graennaland@simnet.is)

---



**Opið  
Miðvikudaga -  
Sunnudaga**

**11:30-17:30**

**Litla Bændabúðin  
Melum**

**Dömu- og herraklipping, litun -og strípur.  
Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.  
Vinsamlegast pantið tíma í síma  
845-9816 Halyna.**



**Fótaaðgerðastofa Öddu Siggu Miðfelli 2a**

**Opið alla virka daga frá 8-16  
Tímabantanir í s: 8676580**



LYFJA SELFOSSI  
**ÚTIBÚ LAUGARÁSI**  
BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI

**OPIÐ**

10-16 mán - fim

Lokað fös - sun



Frá undirskrift samnings um kaup sveitarfélagsins á landi  
Byggðar á bríkum



2022

## Hrunamannahreppur

Janúar							Febrúar						
SUN	Mán	Þrið	Miðv	Fimmt	Föst	Laug	SUN	Mán	Þrið	Miðv	Fimmt	Föst	Laug
						1			1	2	3	4	5
2	3	4	5	6	7	8	6	7	8	9	10	11	12
9	10	11	12	13	14	15	13	14	15	16	17	18	19
16	17	18	19	20	21	22	20	21	22	23	24	25	26
23	24	25	26	27	28	29	27	28					
30	31												

Mars							Apríl						
SUN	Mán	Þrið	Miðv	Fimmt	Föst	Laug	SUN	Mán	Þrið	Miðv	Fimmt	Föst	Laug
6	7	8	9	10	11	12	3	4	5	6	7	8	9
13	14	15	16	17	18	19	10	11	12	13	14	15	16
20	21	22	23	24	25	26	17	18	19	20	21	22	23
27	28	29	30	31			24	25	26	27	28	29	30

Maí							Júní						
SUN	Mán	Þrið	Miðv	Fimmt	Föst	Laug	SUN	Mán	Þrið	Miðv	Fimmt	Föst	Laug
1	2	3	4	5	6	7							
8	9	10	11	12	13	14	5	6	7	8	9	10	11
15	16	17	18	19	20	21	12	13	14	15	16	17	18
22	23	24	25	26	27	28	19	20	21	22	23	24	25
29	30	31					26	27	28	29	30		

Grátunna og lífrænt allur Neðri Hrunamannahreppi

Grátunna og lífrænt Efri Hrunamannahreppur

Blátunna allt svæðið

Rúllurplást

